



Samstarfssamningur Héraðssambands Vestfirðinga og Ísafjarðarbæjar.

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, og Héraðssamband Vestfirðinga (HSV), kt. 490500-3160, Suðurgötu 12, 400 Ísafirði, gera með sér svo felldan samstarfssamning um að efla íþróttastarf á svæðinu.

1. gr.

Markmið og verkefni

Markmið samningsins er að:

- a) Viðhalda öflugu íþróttastarfi á svæðinu.
- b) Viðhalda góðu samstarfi og samráði HSV og Ísafjarðarbæjar.
- c) Íþróttahreyfingin hafi greiðan aðgang að starfsfólki Ísafjarðarbæjar sem annast íþrótt- og lýðheilsumál.

Felstu verkefni sem falla undir samninginn:

- a) Umsjón með afreksmannasjóði og þjálfarastyrk Ísafjarðarbæjar.
- b) HSV verði umsagnaraðili í málum tengdum íþróttastarfi og íþróttamannvirkjum í sveitarfélaginu.
- c) Starfsmaður skóla- og tómstundasviðs á sviði íþrótt- og æskulýðsmála aðstoðar stjórn HSV við úthlutun lottótekna og einnig við skipulag og undirbúning ársþings HSV.

2. gr.

Samstarf HSV og Ísafjarðarbæjar

Starfsmaður skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar á sviði íþrótt- og æskulýðsmála skal mæta stjórnarfundum HSV til að veita upplýsingar um stöðu íþróttamála í sveitarfélaginu.

Ísafjarðarbær skal aðstoða HSV með úthlutun styrkja á þeirra vegum, s.s. styrk úr þjálfarasjóði, afreksmannasjóði og lottótekna til aðildarfélaga.

Starfsmaður skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar á sviði íþrótt- og æskulýðsmála skal sjá um úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum í samstarfi við stjórn HSV og færa fyrir því rök hvernig markmiðin best eigi að náðast í hús, sé þess óskað.

Stjórn HSV og starfsmaður fundar reglulega með félögum og stjórn HSV vegna samstarfsins, en lagt er upp með að fundir verði mánaðarlega, fyrir utan sumartíma.

3. gr.

Yfirlit yfir styrkupp hæðir

Fjárhagslegur stuðningur Ísafjarðarbæjar við HSV og aðildarfélög þess verður með eftirfarandi hætti, á ári:

Styrkir í formi afnota af húsnæði:

Rekstrarkostnaður í formi leigu á íþróttamannvirkjum	kr. 72.000.000
--	----------------

Fjárstyrkir:

Þjálfarastyrkir	kr. 890.883
Afreksmannasjóður	kr. 1.781.766
Rekstrarstyrkur til aðildarfélag HSV	kr. 2.500.000

4. gr.

Greiðsla styrkja

Greiðslur styrkja vegna þjálfara- og afreksmannasjóðs skulu berast gegn útgáfu rafræns reiknings frá HSV. Reikningur skal berast að lágmarki tveimur vikum fyrir greiðsludag og í síðasta lagi 1. desember ár hvert.

Reglur vegna úthlutana styrkja skulu liggja fyrir við greiðslu styrkja, sbr. 5.-7. gr. samningsins.

5. gr.

Þjálfarastyrkir.

HSV fær árlega kr. 890.883 til ráðstöfunar frá Ísafjarðarbæ í þjálfarastyrki. HSV úthlutar til þjálfara innan sambandsins en einnig er heimild til að úthluta til þjálfara utan HSV með þeim skilyrðum að styrkurinn nýtist til íþróttar, hreyfingar eða lýðheilsu íbúa Ísafjarðarbæjar. Upphæðin er lágmarksfjárhæð, en getur hækkað með samþykkt í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar hvers árs. Styrkveitingum er ætlað að auka hæfni þjálfara í Ísafjarðarbæ sem verður til þess að efla íþróttastarf og lýðheilsu í sveitarfélaginu. Taka skal mið af fyrri úthlutunum við ákvörðun um hver hlýtur styrk. Fyrir hverja úthlutun skal auglýst eftir umsóknum í netfréttamiðlum og á heimasíðum HSV og Ísafjarðarbæjar. HSV skal setja reglur um sjóðinn og úthluta eftir þeim.

6. gr.

Afreksmannasjóður.

Ár hvert leggur Ísafjarðarbær afreksmannasjóð HSV til kr. 1.781.766. Upphæðin er lágmarksfjárhæð, en getur hækkað með samþykkt í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar hvers árs. Úthluta skal samkvæmt gildandi reglugerð sjóðsins. HSV skal koma upp hvatakerfi á þann hátt að eftirsóknarvert verði fyrir félög að vera með afreksmenn innan sinna raða og skal það bæði eiga við um einstaklinga og lið.

7. gr.

Rekstrarstyrkur til aðildarféлага HSV

Ísafjarðarbær greiðir rekstrarstyrk að upphæð kr. 2.500.000 til HSV sem skiptist á milli aðildarféлага HSV eftir fjölda iðkenda í barna- og unglingastarfi. HSV skal setja reglur um skráningu iðkenda í barna- og unglingastarfi.

8. gr.

Húsaleigu- og æfingastyrkir.

Ísafjarðarbær sér um að úthluta tímum til íþróttafélaga í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar samkvæmt reglum þar um. Afhending tíma færist sem styrkur Ísfjarðarbæjar til HSV. Styrkur þessi er metinn á um kr. 72 milljónir ár hvert.

Styrkveiting nær til félags sem er fullgildur aðili að HSV. Styrkurinn nær til íþróttaæfinga barna og unglunga skv. skilgreiningu ÍSÍ, auk meistaraflokka karla og kvenna í hóp- og einstaklingsíþróttum sem taka þátt í Íslandsmóti. Miðað er við að greiða að fullu kostnað fyrir æfingaaðstöðu þeirra félaga sem reka barna- og unglingastarf innan þess ramma er úthlutun nær til hverju sinni. Þetta á við þau mannvirki og tækjabúnað sem Ísafjarðarbær á. Þau félög sem ekki hafa barna- og unglingastarf eða eru ekki fullgildir aðilar HSV, skulu sækja sérstaklega um og skal sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs meta styrkhæfni þeirra hverju sinni.

9. gr.

Forgangur að íþróttamannvirkjum.

Ísafjarðarbær hefur forgang að notkun íþróttamannvirkja á skólatíma fyrir nemendur grunnskóla Ísafjarðarbæjar og Menntaskólans á Ísafirði. Almenna reglan er að nemendur hafi fyrsta forgang, svo íþróttafélög og síðan eru almennir tímar. Hliðra skal til æfingatímum félaga vegna sérstakra atburða á vegum sveitarfélagsins.

10. gr.

Uppbyggingasamningar

Aðildarfélög HSV geta gert uppbyggingasamninga við Ísafjarðarbæ. Hvert félag skal skila inn umsókn þegar Ísafjarðarbær auglýsir eftir umsóknum, að hausti. Umsóknum skilað til skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar.

Uppbyggingarsamningar eru gerðir um afmarkaðar framkvæmdir sem nýst gætu íþróttafélögum og almenningi til iðkunar viðkomandi íþróttar. Slíkir samningar geta verið til styttri tíma s.s. til eins til þriggja ára en geta einnig verið til lengri tíma ef verkefnin eru stór og framtíðarsýn skýr.

Verkin sem um ræðir eru fjárfestingatengd, en geta einnig snúist um viðhald og geta hvort heldur orðið eign Ísafjarðarbæjar eða íþróttafélags þegar framkvæmdum er lokið.

Tilgangur uppbyggingarsamninga er að hvetja íþróttafélög til þess að sýna frumkvæði og afl til framkvæmda. Ísafjarðarbær vill koma til móts við þá sem hafa háleitar hugmyndir og leggja fram mótframlag, til að auðvelda verkin eftir því sem kostur er.

Það er á ábyrgð íþróttafélaga að skila inn vel útfærðri tillögu að framkvæmd sem íþróttafélagið ætlar sér að fara í, hvert framlag félagsins verður og með hvaða hætti óskað er eftir þátttöku Ísafjarðarbæjar í þeirri framkvæmd. Tillögunni skal fylgja ítarleg kostnaðaráætlun verksins.

Forsenda þess að af samningi verði á grundvelli tillögu frá íþróttafélagi er að framlög annarra en sveitarfélags séu umtalsverð og verkefnið hljóti samþykki bæjarstjórnar.

AS
AKK

11. gr.

Þjálfarar

HSV leggur til við öll félög að við ráðningu þjálfara skuli fylgja leiðbeiningum og gátlista frá samskiptaráðgjafa Íþrótt- og ólympíusambands Íslands. Jafnframt skuli fá við ráðningu hreint sakavottorð frá tilvonandi þjálfara.

HSV hvetur öll félög innan sinna raða til að hafa ákvæði í þjálfarasamningi um að þjálfari eða staðgengill hans skuli vera mættir að lágmarki 10 mínútum áður en æfing hefst. Þjálfara eða staðgengli hans ber að fara eftir reglum íþróttamannvirkisins og sjá um að keppendur fari einnig eftir þeim, sýni öguð samskipti, góða umgengni og fari að tilmælum starfsmanna.

12. gr.

Stefnur íþróttafélaga og viðbragðsáætlun HSV

HSV skal leggja til við aðildarfélög að setja sér fræðslu- og forvarnarstefnu, jafnréttisáætlun, umhverfisstefnu og skulu vinna eftir viðbragðsáætlun HSV.

13. gr.

Kynning á samningi

Stjórn HSV skal sjá til þess að samningurinn verði kynntur fyrir stjórnnum félaga innan HSV, þjálfurum og staðgenglum þeirra í samráði við Ísafjarðarbæ og fyrir hans hönd. Ísafjarðarbær skal ábyrgjast kynningu samningsins við starfsmenn íþróttamannvirkja og annarra hlutaðeigandi. Kynningin skal fara fram strax eftir undirskrift samningsins. Árlega skal HSV kynna hlutverk HSV fyrir formönnum íþróttafélaga

14. gr.

Íbúðarhúsnæði fyrir íþróttafélög

Ísafjarðarbær leggur HSV til íbúðarstyrk í formi afnota af fimm íbúðum Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf. HSV vinnur forgangsroðun milli íþróttafélaga varðandi úthlutun. HSV er ekki heimilt að leigja íbúðirnar á opnum leigumarkaði. HSV ber ábyrgð á skemmdum sem kunna að verða á íbúðunum meðan á leigutíma standur og greiðir kostnað vegna hita og rafmagns af íbúðunum. Styrkur þessi er metinn á kr. 8.000.000 árlega. Stjórn HSV vinnur úr umsóknum samkvæmt úthlutunareglum.

HSV úthlutar íbúðum til og með 1. september 2024 en þá fellur ákvæði þetta niður í samningnum, nema um annað verði samið.

15. gr.

Gildistími.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2027.

Vanefndir geta seinkað eða stöðvað greiðslur frá sveitarfélaginu.

Gerður er fyrirvari um að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárhagsáætlunar ár hvert og á HSV ekki kröfu á bæjarsjóð eða rétt á bótum verði framlag til sambandsins lækkað.

Árlegt framlag fjárstyrkja skv. 3. mgr. 3. gr. í samningi þessum skal taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem er í janúar 2024 605,8.


16. gr.
Önnur ákvæði

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.


Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum samningsaðila.

Ísafirði, 20. desember 2023

F.h. Héraðssambands Vestfirðinga.


Anton Helgi Guðjónsson
stjórnarformaður

F.h. Ísafjarðarbæjar.


Arna Lára Jónsdóttir
bæjarstjóri